



Ársfundur 25. júní 2014

Skýrsla stjórnar flutt af Eiríki Birni Björgvinssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2013 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er byggður á ríkistryggðum verðbréfum.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 11,06% og hrein raunávöxtun var 7,15% samanborið við 7,68% nafnávöxtun og 3,02% raunávöxtun á árinu 2012. Góða ávöxtun ársins 2013 má að hluta rekja til þess að varúðarniðurfærslur vegna afleiðusamninga voru færðar út úr bókum sjóðsins. Var það gert þar sem engar tilraunir höfðu verið gerðar til innheimtu af hálfu kröfuhafa og því var mat lögmanna sjóðsins að kröfurnar væru fyrndar. Þessi breyting ein og sér felur það í sér að ávöxtun sjóðsins var 2,7% betri en hún hefði verið án þessarar breytinga. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er þannig 3,89%, sem verður að teljast nokkuð gott.

En þrátt fyrir góða ávöxtun liðinna ára eru teikn á lofti um að erfiðara geti verið fyrir sjóðinn að ná viðunandi ávöxtun. Ávöxtunarkrafa helstu flokka ríkistryggðra skuldabréfa hefur nú verið undir 3,5% í vel á fjórða ár og líkur eru á að ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa verði áfram undir reiknivöxtum skuldbindinga sjóðsins. Þessi lága ávöxtun á áhættulitlum eignum samanborið við þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til sjóðsins gerir sjóðum, eins og Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, óhægt um við að viðhafa varkára fjárfestingastefnu. Þeir hafa rauninni um það að velja að setta sig við ávöxtun sem ekki dugar til að standa undir aukningu skuldbindinga eða að auka vægi áhættusamra eigna í eignasafninu. Áhættusamari eignir, eins og hlutabréf, gefa möguleika á betri ávöxtun en auka líka hættuna á því að fall á hlutabréfamörkuðum hafi verulega neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins. Við mótun á fjárfestingastefnu sjóðsins hefur stjórnin haft þessi sjónarmið í huga. Ekki var talið rétt að gera viðamiklar breytingar á stefnunni fyrir árið 2014, en stjórnin ákvað þó að auka nokkuð vægi áhættusamari eignaflokka s.s. hlutabréfa og veðskuldabréfa í safninu í von um að þessir eignaflokkar gefi hærri ávöxtun en ríkisskuldabréf, til lengri tíma litið. Þótt áhætta sé aukin lítillega með þessum ákvörðunum er áhættustig sjóðsins áfram lágt og hann vel innan skilgreindra áhættuviðmiða.

Í september á liðnu ári gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við kynjahlutfall í varastjórn sjóðsins, en nýjar reglur um kynjakvóta, sem tóku gildi hjá lífeyrissjóðum 1. september s.l., kveða á um að hlutfall hvors kyns skuli ekki vera lægra en 40%, en eingöngu konum voru í varastjórn sjóðsins. Var mat stjórnar sjóðsins að jöfnuði yrði náð með skipan nýrrar stjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum nú í vor og var framkvæmdastjóra falið að greina eftirlitinu frá niðurstöðu stjórnarinnar og óska eftir því að þessi ákvæði kæmu ekki til framkvæmdar gagnvart LSA fyrr en ný stjórn væri kjörin. Það var mat stjórnarinnar að nýleg lög um þetta efni gætu ekki verið afturvirk, enda hefði stjórnin ekki vald til að víkja einstökum stjórnarmönnum eða varamönnum í stjórn frá. Erindinu yrði því að beina til þeirra sem tilnefna í stjórnina. FME féllst ekki rök um bann við afturvirkni og vildi ekki veita umbeðinn frest. Úr varð að Kjölur stéttarfélag óskaði eftir því að varamenn þeirra í

stjórn segðu af sér og tilnefndi í kjölfarið tvo karlmenn í varastjórn af sinnu hálfu. Ekki liggur fyrir hvort eftirlitið hefur staðfest hæfi hinna nýju varamanna.

Störf stjórnar voru með hefðbundnum sniði á árinu og hefur stjórnin fundað alls 5 sinnum frá síðasta ársfundi en 230. fundur stjórnar frá stofnun sjóðsins var einmitt haldinn fyrr í dag. Stjórnin staðfesti á árinu nýjar reglur um upplýsingagjöf til stjórnar sem og nýjar verkalagsreglur um verðbréfavíðskipti. Einnig var gengið frá nýrri öryggisstefnu fyrir sjóðinn og gerður var viðauki við rekstrarsamninginn við Stapa vegna þessa.

Þótt staða sjóðsins sé ágæt miðað við flesta sambærilega sjóði vantar þó nokkuð upp á að sjóðurinn eigi fyrir skuldbindingum. Ríkið og stofnanir hafa greitt til sjóðsins og myndað með því talsverðar skuldbindingar fyrir sjóðinn. Á undanförunum árum hafa átt sér stað nokkrar viðræður við ríkið um uppgjör á þessum skuldbindingum, en þær tengjast einnig mögulegu uppgjöri á skuldbindingum Akureyrarbæjar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en ríkið hefur lagt áherslu á að gera það upp samhliða. Hér er um talsverðar fjárhæðir að ræða, sem brýnt er að niðurstaða fáiist um sem fyrst. Erfitt hefur reynst að halda dampi í þessum viðræðum og var enginn fundur um þetta efni á síðasta starfsári. Málið virðist vera afar neðarlega á forgangslista fjármálaráðuneytisins og erfitt að fá þá til að eyða í þetta tíma og starfskröftum. Þessi staða er hins vegar óviðunandi og mikilvægt að áfram sé þrýst á ríkið að klára þessa vinnu.

Eins og oftast í kjölfar sveitarstjórnarkosninga verða nokkrar breytingar á stjórn sjóðsins. Nú hverfa úr stjórn sjóðsins þeir Ólafur Jónsson sem kom nýr inn í stjórn sjóðsins á kjörtímabilinu svo og Oddur Helgi Halldórsson sem lætur nú af stjórnarsetu eftir 12 ára samfellda setu. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim störf í þágu sjóðsins.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á árinu. Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka framkvæmdastjóra og starfsmönnum Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.